



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Dagsetning

Tilvísun

Alþingi

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Erindi nr. P 117 / 452

komudagur 18 / 12 1993

18. desember 1993.

Í samræmi við yfirlýsingu fjármálaráðherra fyrr í dag er óskað eftir að nefndin flytji meðfylgjandi tillögur um breytingar á frumvarpi til laga um breytingar í skattamálum, sem nú er til umfjöllunar hjá nefndinni.

F. h. r.

Leifur H. Þóráksson

Jon H. Steingrasson

PÓSTFANG
150 REYKJAVÍK

ADSETUR
ARNARHVOLI

SÍMI
(91) 60 92 00

TELEFAX
(91) 62 82 80
TELEX
2092 ISCOM IS

NAFNÚMÉR
2343 - 0126

KENNITALA
550169 - 2829

Breytingar fyrir 3. umræðu

1. Við 16. gr. frumvarpsins bætast tveir nýir stafliðir, sem verða b. og d., er orðast svo:
 - b. 6. tölul. orðast svo: Fólksflutningar.
 - d. 13. tölul. orðast svo: Þjónusta ferðaskrifstofa.
2. 18. gr. frumvarpsins fellur niður.
3. Í stað a- og b-liða 19. gr. frumvarpsins kemur nýr stafliður a. er orðast svo:
 1. tölul. og 3. tölul. falla brott.
4. 34. gr. frumvarpsins orðast svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

 - a. Í stað hlutfallstalnanna "2,5" og "6" í 1. mgr. kemur:
2,85 og 6,35
 - b. 1. másl. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo:
Hótelgistingu.
5. Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I í 49. gr.:
 - a. Tollskrárnúmerið 6806.1009 flyst úr gjaldflokk B í gjaldflokk A.
 - b. Eftirtalin tollskrárnúmer falla brott úr gjaldflokk A: 2005.2011, 2005.2019, 2005.2021, 2005.2029, 2106.9054 og 2106.9055.
 - c. Tollskrárnúmerið 2005.2002 bætist við gjaldflokk A.

Skýringar

1. Fólksflutningar og ferðaskrifstofur færð undan skattskyldu, þ.e. lagatexti 6. tölul. og 13. færist í fyrra horf, eins og hann var fyrir l. nr. 111/1992.
2. A-liður 18. gr. (17. grein upphaflega) dreginn til baka vegna fólksflutninga. B-liður dreginn til baka vegna 16. gr. (upphaflega) þar sem hún kann að verða mistúlkuð.
3. A-liður 19. gr. um fólksflutninga með ferjum dreginn til baka, sbr. 1. B-liður 19. gr. (upphaflega a-liður 18.gr.) dreginn til baka vegna ferðaskrifstofa, sbr. 1. Nýr A-liður settur inn til að fella fólksflutninga og þjónustu ferðaskrifstofa út úr 14. gr. laganna.
4. A-liður er óbreyttur en í b-lið er dregin til baka lækkun tryggingagjalds á fólksflutninga og aðra ferðaþjónustu en hótulgistingu.
5. Tvær breytingar. Annars vegar er steinull færð niður í 6% vörugjald eins og fleiri byggingarvörur (við 2. umræðu). Hins vegar er gerð tæknileg lagfæring vegna breytinga á tollskrá. Nauðsynlegt er að búa til ný tollskrárnúmer vegna álagningar vörugjalds á snakkvörur og sykrud matvæli og var gert ráð fyrir nokkrum slíkum í texta frumvarpsins. Við nánari athugun hefur komið í ljós að ekki er þörf á öllum þeim númerum og því þarf að gera þessa breytingu.